



Til allra sveitarfélaga

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 6. október 2021  
Tilv.: SRN21080008/7.15.1

Efni: Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Á grundvelli 12. og 12. gr. a. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 eru sveitarfélögum veitt tekjujöfnunarframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Líkt og greinir í 1. málsl. 1. mgr. 12. gr. a. skal úthluta tekjujöfnunarframlögum til að jafna tekjur sveitarfélaga. Útreiknuð framlög eru samkvæmt 2. málsl. miðuð við sveitarfélög sem eru sambærileg að stærð og fullnýtingu tekjustofna þeirra. Er þá mælt fyrir um þá reglu í 3. málsl. að ef meðaltal á hvern íbúa í sveitarfélagi skv. 12. gr. er lægra en 97% af meðaltali á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum í viðkomandi flokki, skuli greiða því sveitarfélagi tekjujöfnunarframlag sem nemur allt að mismuninum.

**Almennt um útreikning tekjujöfnunarframlagsins**

Í framkvæmd hefur framlagið verið reiknað á þá leið að þegar búið er að finna annars vegar hámarkstekjur og hins vegar meðaltekkjur sveitarfélaga í hverjum viðmiðunarflokk, sbr. 3. mgr. 12. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, hefur verið reiknað út hve hátt hlutfall meðaltalsins þyrfti að vera svo að samanlagður mismunur allra þeirra sem fá framlag, sé til jafns við það fjármagn sem er til ráðstöfunar. Á síðastliðnum árum hefur það hlutfall sveiflast í kringum 95% og sú heildarupphæð sem varið hefur verið til tekjujöfnunarframlaga verið 1.250 m.kr. á ári.

**Ný aðferð við útreikning framlagsins**

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga leggur nú til breytingu á útreikningi tekjujöfnunarframlaga. Í stað þess að lækka meðaltekkjur í viðmiðunarflokkum svo að framlög stemmi við það fjármagn sem er til ráðstöfunar leggur Jöfnunarsjóður til að framlögin verði aðlöguð fjárhæðinni með hlutfallsreikningi. Sú aðferð yrði í samræmi við gildandi framkvæmd Jöfnunarsjóðs þegar kemur að öðrum framlögum sjóðsins sem aðlaga þarf að tiltekinni fjárhæð.

**Markmið og áhrif**


Með breytingunni er ætlunin, auk annars, að fjölga þeim sveitarfélögum sem hljóta tekjujöfnunarframlög. Að mati Jöfnunarsjóðs myndi breytingin einnig leiða til frekari tekjujöfnunar sveitarfélaga. Sem dæmi um áhrif breytingarinnar hafa sum sveitarfélög, sem hafa hámarkstekjur á bilinu 94-97% af meðaltali hvers viðmiðunarflokk, ekki fengið úthlutað framlagi á grundvelli núgildandi framkvæmdar en myndu hljóta tekjujöfnunarframlag yrði breytingin að veruleika.

**Breyting á reglugerð**

Drög að breytingum á núgildandi reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 1088/2018, ásamt áorðnum breytingum, hefur verið birt í Samráðsgátt stjórnvalda þar sem lagt er til að 13. gr.

reglugerðarinnar verði breytt til samræmis við það sem hér hefur að ofan verið ritað. Með birtingu breytingartillögunnar í Samráðsgátt er sveitarfélögum og öðrum hagaðilum veitt færri á að koma á framfæri sínum sjónarmiðum vegna breytingarinnar. Gert er ráð fyrir því að opið verði fyrir umsagnir þar til í lok dags miðvikudaginn 20. október 2021 og ef til þess kemur er jafnframt gert ráð fyrir því að breytingin taki strax gildi og færri því um útgreiðslu framlagsins þann 1. nóvember næstkomandi í samræmi við hina nýju aðferð við útreikning framlagsins.

Fyrir hönd ráðherra



Hermann Sæmundsson  
Guðni Geir Einarsson